

Fundargerð 533

Miðvikudaginn 27. mars 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Arna G. Tryggvadóttir (AGT) löggiltur endurskoðandi hjá PWC (við dagskrárlið 1), Eva M. Kristjánsdóttir (EMK) innri endurskoðandi hjá KPMG (við dagskrárlið 1), Gunnar Ragnarsson (GR) sérfræðingur hjá KPMG (við dagskrárlið 1), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 5), Pétur Grétarsson (PG) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 4), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs, og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína B. Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 13:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Ársreikningur Byggðastofnunar - til afgreiðslu
 - a) Innri og ytri endurskoðendur kynna sína vinnu - til kynningar
 - b) Skýrsla endurskoðunarnefndar - til kynningar
2. Lánamál
 - a) Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b) Málskot til stjórnar - til afgreiðslu
3. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
4. Hlutfjárframlag til Fjárfestingafélags Þingeyinga hf. - til afgreiðslu
5. Úthlutun aflamarks Byggðastofnunar í Strandabyggð - til afgreiðslu
6. Önnur mál
7. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Ársreikningur Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2023, staðfestingabréf stjórnenda og skýrslur innri og ytri endurskoðenda.

MH kynnti helstu niðurstöður ársreiknings sem í fyrsta skiptið er gerður eftir sk. IPSAS staðli. Til samanburðar hefur rekstrarreikningur 2022 verið leiðréttur til samræmis við staðalinn.

Afkoma ársins 2023 er jákvæð um 703,5 m.kr., eignir námu 25,3 ma.kr., skuldir námu 20,6 ma.kr. og eigið fé var 4,7 ma.kr. í árslok. Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki nam 22,64%

AGT kynnti vinnu ytri endurskoðanda og fór yfir skýrslu sína. Áritun endurskoðanda er með fyrirvara.

Til máls tóku HKH, HB, ÓH, KB,

EMG og GR komu inn á fundinn og kynntu vinnu innri endurskoðanda.

GR og EMG viku af fundi.

Til máls tóku ÓH, MH, RÞG, KB, MaH,

Stjórn er meðvituð um þá annmarka sem komu upp við innleiðingu á IPSAS staðlinum og koma fram í skýrslu ytri endurskoðanda. Stjórn er upplýst um að unnið er að úrbótum til að bregðast við þeim. Starfsfólk vinnur að þeim og mun upplýsa stjórn um framfylgd þeirrar vinnu.

Formaður bar ársreikning Byggðastofnunar 2023 upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

AGT vék af fundi.

2. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 8/24-13/24 sem AME kynnti.

Til máls tók SP.

b. Málskot til stjórnar

...

3. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og stöðu rekstrar 29. febrúar sl. sem SEÞ fór yfir.

Til máls tók SP.

Hlé var gert á fundi milli 15:05 og 15:10.

4. Hlutfjárframlag til Fjárfestingafélags Þingeyinga hf. - til afgreiðslu

PG kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað Péturs Grétarssonar sérfræðings á fyrirtækjasviði til lánanefndar þar sem lagt er til að Byggðastofnun leggi Fjárfestingafélagið Þingeyinga til hlutfjárframlag sem PG kynnti.

Á fundi lánanefndar 21. febrúar 2024 var samþykkt að leggja til við stjórn að Byggðastofnun komi með eignarhlut sinn í Fjallalambi hf. kr. 20.563.540,- að nafnverði inn í félagið á genginu 1,0 og leggi einnig fram kr. 49.591.121,- í handbæru fé gegn 39% eignarhlut í félaginu eða kr. 10.464.337 að nafnverði.

Til máls tóku ÓH, AME, RÞG, KB og HB.

Formaður bar ofangreinda tillögu upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

PG vék af fundi.

5. Úthlutun aflamarks Byggðastofnunar í Strandabyggð - til afgreiðslu

Á fundinn komu PF, RR og SÁ.

Fyrir fundinum liggja minnisblað Péturs Friðjónssonar og Reinhards Reynissonar með tillögu, bókun aflamarksnefndar frá 15. mars 2024, bréf sent á Strandabyggð, umsóknir og fundargerð 1359 sveitarstjórnarfundar í Strandabyggð sem RR kynnti.

Aflamarksnefnd samþykkti að leggja til við stjórn tillögu starfsmanna um að gengið yrði til samninga um nýtingu á allt að 500 þorskígildistönnum af aflaheimildum Byggðastofnunar vegna fiskveiðiársins 2023/2024 við félagið Vissu ehf. og samstarfsaðila á grundvelli uppfærðar umsóknar þeirra sem barst innan tilskilins umsóknarfrests 11. mars 2024.

Til máls tók SP.

SP óskar bókað

„Úthlutun byggðakvóta Byggðastofnunar til Hólmavíkur, Sigurjón Þórðarson situr hjá við afgreiðsluna. Ljóst er að úthlutunin byggir á matskenndum þáttum m.a. á fyrirheitum um uppbyggingu á fiskvinnslu án þess að það liggi fyrir tölulegar rekstraráætlanir.

Undirritaður ítrekar að rétt sé að falla frá samningaleið byggðakvóta Byggðastofnunar og í stað þess verði byggt á almennum reglum með innbyggðum hvata til uppbyggingar fiskvinnslu og beinum ávinningi sveitarfélagsins, sbr. þær reglur sem undirritaður lagði til á fundi stofnunarinnar þann 1.11.2023.“

Formaður bar ofangreinda tillögu aflamarksnefndar upp til samþykktar og var hún samþykkt með 6 atkvæðum. SP sat hjá.

PF, RR og SÁ viku af fundi.

6. Önnur mál

KB upplýsti að hann hefði tekið að sér vinnu fyrir innviðaráðuneytið og Grindavíkurbæ og hrósaði starfsfólki stofnunarinnar.

SP óskaði bókað

„Undirritaður lýsir yfir undrun á því að honum hafi ekki borist svör við skilmerkilegum og skriflegum fyrirspurnum um afdrif byggðakvóta stofnunarinnar sem lagðar voru fram á fundi þann 23.2.2024.“

AME upplýsti að mikil vinna hefði farið fram undanfarið við úthlutun aflamarks á Hólmavík og mat á byggðarlögum vegna aflamarks Byggðastofnunar. Svar við fyrirspurninni mun verða tilbúið eftir páska.

RÞG óskaði eftir upplýsingum um stöðu á vinnu varðandi endurskoðun lánamöguleika og stuðning við landbúnaðinn. AME upplýsti um vænt samkomulag við EIF.

7. Næsti fundur

Næsti fundur var áætlaður 17. apríl nk. í Bolungarvík en þörf er að boða til aukafundar 5. apríl nk. til að fara yfir val á byggðarlögum í aflamarki Byggðastofnunar og samþykkja úthlutun úr Byggðarannsóknarsjóði.

Til máls tók SP.

Formaður minnti á ársfund Byggðastofnunar 17. apríl nk. í Bolungarvík.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 16:00.

Magnús Helgason fundarritari.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson